

23. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi (Teams) 17. nóvember 2025 kl 12.45.

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arnlín Óladóttir, Arinbjörn Bernharðsson, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Eva Sigurbjörnsdóttir, Finnur Ólafsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Jenný Lára Magnadóttir, Kristján Þ Kristjánsson, Matthías Lýðsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Trausti Salvar Kristjánsson og Þorgeir Pálsson.

Forföll boðuðu; Aníta Björk Pálínudóttir og Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar sem ritaði einnig fundargerð, Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri og Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf, og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur frá VSÓ ráðgjöf.

Boðuð dagskrá.

1. Framlagning skjala

- Reykhólahreppur; bókun 527. fundar um svæðisskipulagstillögu
- Minnisblað, skipulagsráðgjafa, 11. nóvember 2025. Samantekt um kynningu og þróun svæðisskipulagstillögu.

2. Umfjöllun; Tillaga að endanlegri svæðisskipulagstillögu til sveitarstjórna, s.m.b. 3. mgr 23. gr Skipulagslaga 123/2010 (auglýsingartillaga) ásamt fylgigögnum;

- Stöðumat fyrir Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050
- Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050

3. Kynning fulltrúa Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða á málsmeðferð og afgreiðslutíma á endanlegri svæðisskipulagstillögu innan sveitarstjórna og nefnda viðkomandi sveitarfélags.

4. Afgreiðsla; Tillaga um endanlega svæðisskipulagstillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 (nóvember 2025) ásamt fylgigögnum

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar og kynnti breytingu á fulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar samkvæmt samþykkt á fundi bæjarráðs þann 4. nóvember s.l., nú kæmi Trausti Svalar Kristjánsson varabæjarfulltrúi inn sem fulltrúi sveitarfélagsins í stað Huldu Birnu Albertsdóttur. Bauð formaður Trausta velkominn til starfa og þakkaði Huldu hennar framlag í starfi nefndarinnar.

Formaður kannaði síðan hvort athugasemdir væru við fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir komu fram og gengið til dagskrár.

1. Framlagning skjala.

Formaður kynnti gögn sem hafa borist frá síðasta fundi og koma til umræðu um greinargerð svæðisskipulagstillögu

- Reykhólahreppur, bókun 527. fundar, 12. nóvember 2025.
Lagt fram til kynningar.
- Minnisblað 11. nóvember 2025, skipulagsráðgjafa. Samantekt um kynningu og þróun svæðisskipulagstillögu.
Formaður kynnti að minnisblaðið hafi áður verið sent svæðisskipulagsnefnd þann 11. nóvember s.l. og óskaði eftir að efni þess verði einnig kynnt í sveitarstjórnnum.

2. Umfjöllun; Tillaga að endanlegri svæðisskipulagstillögu til sveitarstjórna, s.m.b. 3. mgr 23. gr Skipulagslaga 123/2010 (auglýsingartillaga) ásamt fylgigögnum;

- Stöðumat fyrir Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050
- Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hann fór yfir hvaða aðilar sendu inn ábendingar um tillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050 og fór yfir kafla fyrir kafla, hvaða efnisatriði hafa komið til umfjöllunar og tillögu að breytingu að texta.

Til máls tóku auk formanns, Arnlín, Matthías, Eva, Þorgeir, Herdís og Aðalsteinn

Formaður vísaði til að afgreiðsla tillögunnar væri til umræðu í 4. lið dagskrár fundarins.

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hann fór yfir hvaða aðilar sendu inn ábendingar um stöðumat svæðisskipulagstillögunnar og fór yfir kafla fyrir kafla, hvaða efnisatriði hafa komið til umfjöllunar og tillögu að breytingu.

Til máls tóku auk formanns, Aðalsteinn, Matthías, Arnlín, Bragi, Sigríður B, Sigríður K, Jóhanna, Eva og Finnur

Formaður vísaði til að afgreiðsla tillögunnar væri til umræðu í 4. lið dagskrár fundarins.

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hann kynnti að engar ábendingar hefðu komið fram um skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050. Formaður gaf orðið laust, enginn tók til máls.

Formaður vísaði til að afgreiðsla tillögunnar væri til umræðu í 4. lið dagskrár fundarins.

Formaður vísaði til afgreiðslu 22. fundar um að röðun efniskafla yrði óbreytt eins og þeir stóðu í vinnslutillögu, en endanleg ákvörðun er við afgreiðslu tillögunnar í dag.

Formaður gaf orðið laust um að staðfesta tillögu um óbreytta röðun efniskafla.

Engin tók til máls og bar formaður upp tillöguna til samþykktar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Kynning fulltrúa Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða á málsmeðferð og afgreiðslutíma á endanlegri svæðisskipulagstillögu innan sveitarstjórna og nefnda viðkomandi sveitarfélags.

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hann kynnti að Skipulagsstofnun taki svæðisskipulagstillögu til efnislegrar umfjöllunar þegar fyrir liggja samþykki allra sveitarstjórna að setja tillöguna í auglýsingu. Samþykki Skipulagsstofnun efni tillögunar þá megi setja hana út til auglýsingar með lögboðnum umsagnarfresti. Tímaáætlun gerði ráð fyrir staðfestingu tillögunnar að hálfu Skipulagsstofnunar í lok apríl n.k. og til að standast þá áætlun þá yrði samþykki sveitarstjórna á efni tillögunnar að liggja fyrir í lok annarar viku í janúar n.k

Formaður kynnti að óskað hefði verið eftir fyrir fundinn að fulltrúar í svæðisskipulagsnefnd könnuðu innan sinna sveitarstjórna líklega málsmeðferð og afgreiðslutíma á svæðisskipulagstillögu. Fram kom að hálfu fulltrúa, að sjö af átta sveitar- og bæjarstjórnnum telja að ljúka megi umfjöllun um svæðisskipulagstillögu fyrir jól, ef tillagan berist til sveitarfélaganna í þessari viku.

Formaður þakkaði svör sveitarfélaganna og taldi með þessari niðurstöðu megi standast tímaáætlun og hvatti starfmenn og sveitarstjórnir að vinna að því.

4. Afgreiðsla; Tillaga um endanlega svæðisskipulagstillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 (nóvember 2025) ásamt fylgigögnum

Formaður vísaði til umræðu undir 1. og 2. lið dagskrár og gaf orðið laust, varðandi tillögu um að samþykkja tillögu að texta Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 ásamt skýrslu um stöðumat og skýrslu um umhverfismat.

Enginn tók til máls og bar formaður tillögunar til afgreiðslu og var hún samþykkt einróma af viðstöddum 14 fulltrúum.

Formaður kynnti að unnið væri að tillögu að endanlegu útliti, myndavali og umbrot á skjalinu. Tillaga þess efnis verði til afgreiðslu samhliða umfjöllun um afgreiðslu sveitarstjórna á tillögu að svæðisskipulagi.

Formaður þakkaði síðan fulltrúum svæðisskipulagsnefndar og starfsmönnum sem hafa komið að vinnu svæðisskipulagsins fyrir þeirra framlag til að ná þessum áfanga, ekki síst að hafa staðist hina stífu vinnuáætlun.

Formaður þakkaði svo fyrir fundinn og sleit fundi kl 14.50